

NightGuard Flex

Notkunarleiðbeiningar

Ábendingar um notkun

SprintRay NightGuard Flex er ætlað til framleiðslu á tannbúnaði eins og munnhlífum og næturgómum.

Frábendingar

Ekki má nota SprintRay NightGuard Flex:

- ef þekkt er að sjúklingur sé með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna
- ef bein snerting er við óharðnað resin í munni
- ef það er notað í öðrum en ætluðum tilgangi

Lýsing á tækinu

NightGuard Flex er valkostur fyrir hefðbundið hart efni til framleiðslu á tannbúnaði sem er eingöngu ætlaður til notkunar hjá tannlæknum.

Prentunar- og vélbúnaðarbreytur

Gæðalýsingar tækisins hafa verið staðfestar með því að nota eftirfarandi framleiðsluvörur. Gæðalýsingar tækisins eiga ekki við um aðrar vörur eða ferla en tilgreint er í þessu skjali.

- CAD skrá:** CAD skrá tækisins á STL skráarsniði
 - Lágmarksþykkt 1,0 mm
- Prentari:** SprintRay Pro eða Pro S DLP 3D prentari
 - 55 eða 95 míkróm upplausn á XY-ás
- Hugbúnaður:** RayWare Desktop eða RayWare Cloud
 - Flutningur STL skráar
 - Handvirk/sjálfvirk prentstefna
- Prentbreytur**
 - Íhvolft yfirborðið vísar í áttina frá verkvanginum
 - 100 míkróm þykkt laga
 - Sjálfgafið stoðvirki
- Þvottabúnaður:** SprintRay Pro Wash S, Pro Wash/Dry
 - Ísóprópanól, minnst 91%
 - Hefðbundin fyrirfram stillt þvottalota
- Búnaður til herðingar:** SprintRay ProCure 2 eða ProCure
 - Tími herðingar er samkvæmt ráðleggingum frá framleiðanda

Varnaðarorð og varúðarreglur

Eftir meðhöndlun er hert SprintRay NightGuard Flex óeitrad og er flokkað sem lífsamhæft efni. Í óhertu formi er NightGuard Flex flokkað sem næmir. Þegar tækið er þvegið með leysi eða notast við slípun á að gera það á vel loftræstu svæði ásamt viðeigandi hlífðarbúnaði.

- **Snerting við húð:** Getur valdið ertingu í húð. Ef óunnið resín kemst í snertingu við húð á að þvo svæðið vandlega með sápu og vatni. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Ef húðnæming kemur fram á að hætta notkuninni. Ef húðbólga eða önnur einkenni eru viðvarandi á að leita til læknis.
- **Innöndun:** Mikil gufupéttni getur valdið höfuðverk, ertingu í augum og/eða öndunarfarum. Ef þéttin er mjög mikil á að fara út í frískt loft. Nota á súrefni eða öndunarhjálp eftir þörfum.
- **Snerting við augu:** Þvoið svæðið vandlega með sápu og vatni.
- **Inntaka:** Hafið strax samband við eitrunarmiðstöð Landspítalans.

Geymsla

- Endurnotkun efnis: Hægt er að endurnota það sem eftir er í resínstanknum. Hægt er að nota síu til að tryggja að engar harðar agnir séu til staðar til að forðast að prentun misheppnist. Efninu sem eftir er í tanknum má hella aftur í resínflöskuna eftir síun. Þetta ferli má endurtaka. Athugið að ef um endurnotkun er að ræða þarf að sía resínið og hella aftur í flöskuna.
- Geymið NightGuard Flex við 15-25 °C fjarri beinu sólarljósi
- Lokið flöskunni og tanknum tryggilega þegar ílátin eru ekki í notkun
- Fyrir förgun á að mynda stórsameind.
- Ekki nota NightGuard Flex eftir fyrningardagsetninguna sem er á flöskunni



Ekki má nota útrunnið resín; það getur haft áhrif á samrýmanleika og prentstöðugleika.

Framleiðsla tækis

Hönnun

Tækið er hannað á STL skráarsniði af tannhönnunarþjónustu eða CAD hugbúnaði fyrir tannlækningar, sem notast við stafrænar, líffærafræðilegar upplýsingar frá sjúklingnum. Þessi STL skrá er afhent tannlækninum fyrir framleiðslu.

Þrívíddarprentun

Notandi skráir sig inn á RayWare Cloud og velur gerð tannbúnaðar. Reikniritið stillir sjálfkrafa og bætir við stoðum. Veljið SprintRay NightGuard Flex efni og 100 míkrom lagþykkt. Raðið verkefnunum við prentarann.

Hristið resínflöskuna vandlega í eina mínútu og hellið síðan í resíntankinn, a.m.k. upp að lágmarksáfyllingarlínu. Ýtið á prentroð á snertiskjá prentarans. Hefjið prentun

Hlutar og stoðir fjarlægð

Þegar búnaðurinn hefur verið prentaður er hann tekinn með viðeigandi áhaldi. Fjarlægjið allar stoðir með sléttskera eða hringlaga demantsskífu. Skerið eins nálægt tækinu og hægt er til að lágmarka frágangsfærlíð.

Þvottur og þurrkun

Notið ísóprópanól minnst 91% til þess að þvo búnaðinn með SprintRay Pro Wash S, Pro Wash/Dry:

- Hefðbundið hreinsiprógramm

þurrkið að fullu.

Þegar tannbúnaðurinn hefur harðnað

Annar hvor búnaðurinn frá SprintRay er notaður til að herða tannbúnaðinn og stillið á forvalið snið fyrir NightGuard Flex:

- ProCure 2 eða
- ProCure

Frágangur

Notið A Scotch-Brite/Fuzzies Wheel til að slétta yfirborðið.

Fínþússun og sótthreinsun

Notið vikur og mússulín hjól til að fjarlægja minniháttar rispur af yfirborði tannbúnaðarins, notið síðan fægiefni og mússulín hjól fyrir fínþússun. Þvoið og hreinsið tækið með burstu og volgu sápuvatni.

Viðbótarhjálp og stuðningur

Við erum til stuðnings allan þann tíma sem þessi nýja tækni er innleidd. Reyndir tæknimenn okkar eru tiltækir virka daga frá kl. 6:00 til 17:00 á Kyrrahafstíma BNA í síma 800-914-8004.

Upplýsingar um tengiliði

Til að fá aðstoð með vöruna, sjá nánari upplýsingar á: <https://sprintray.com/digital-dentistry/>

Til að tilkynna vandamál vegna vörunnar má hafa samband við SprintRay á:

<https://support.sprintray.com/hc/en-us/requests/new>

Sími: 1-800-914-8004



Upplýsingar um framleiðanda

SprintRay Inc.

2710 Media Center Dr., Suite #100A

Los Angeles, CA 90065, BNA